



Borgarráð

Ásvegur 11, aflétting á kvöð

Óskað er eftir heimild borgarráðs fyrir afléttingu kvaðar á Ásvegi 11, fastanúmer F2017738.

Eigandi hefur óskað eftir að kvöð vegna bílskúrs frá árinu 1947 verði felld niður. Málið var tekið fyrir á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 22. apríl 2022, sem gerir ekki athugasend við afléttingu kvaðar.

Kvöðin varðar að bílskúr á lóð skuli eingöngu leyfður ef hann er notaður undir langferðabíl.

Í framhaldi er óskað eftir að borgarráð heimili að fella niður þessa kvöð.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Kvöð 411-S-05437

Umsögn skipulagsfulltrúa vegna Ásvegur 11 – 27. apríl 2022

Slm. Nr. 2.

437


Samrit
B/411 3

V

Byggingarnefnd og bæjarstjórn Reykjavíkur hafa
Guðmar
leyft Gunnari Stefánssyni, Ásvegi 11, Reykjavík, að
byggja bílskúr úr vikursteini, að stærð 55 ferm. á
lóðinni nr. 11 við Ásveg hér í bænum.

Leyfi þetta er því skilyrði bundið, að bæjarstjórn
er úskilinn réttur til að láta rífa bílskúrinn, bæjarstjórn
að kostnaðarlausu, sé hann ekki notaður fyrir langferðabíl.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 7. febr. 1947.

 Gunnar Thoroddsson
Samþykktur:

Guðmar Stefánsson

Vitundarvottar:

Ragnheiður Þórunnarsdóttir
Jak. Ragnásson

Móttekið 12. 4 1947 kl. 11
og fært í veðmálavæðing í Reykjavík s.d.
Merk: í lita 15 nr. 437
Gjald 6
Stämpilgjald 2
Samtala 8

Greitt
H. Þorsteinsson



Reykjavík, 27. apríl 2022

Varðar: Ásvegur 11 (fyrirspurn)

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Auðar Jónu Erlingsdóttur dags. 24. mars 2022 um afléttingu kvaðar frá árinu 1947 sem heimilar Reykjavíkurborg að rífa niður bílskúr á lóð nr. 11 við Ásveg. Einnig er lögð fram kvöð dags. 7. febrúar 1947. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra.



Aðalskipulag 2040



Deiliskipulag

Skipulagsleg staða



Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóð nr. 11 við Ásveg borgarhluta 4 – Laugardal og tilheyrir íbúðasvæði ÍB24 – Laugarás.

Í gildi er deiliskipulagið „Sundin“, samþykkt 10. nóvember 2005, ásamt síðari breytingum.

Umsögn:

Hús á lóð nr. 11 við Ásveg er steinsteypt einbýlishús á einni hæð með kjallara, 140,4 m² með stakstæðum bílskúr, 55,0 m² samkvæmt fasteignaskrá. Óskað er eftir áliti skipulagsfulltrúa um afléttingu kvaðar frá árinu 1947 sem heimilar Reykjavíkurborg að rífa niður bílskúr á umræddri lóð.

Í gildandi deiliskipulagi kemur fram að bílgeymslur séu víða á lóðamörkum, ýmist stakstæðar eða í tengslum við hús, en á upphaflegu skipulagi voru byggingarreitir fyrir bílgeymslur á flestum lóðanna. Bílgeymsla á lóð nr. 11 við Ásveg er ekki merkt sem óleyfisbygging á gildandi skipulagi og fellur ágætlega að byggðamynstri þótt hún sé óvenjustór. Hún er þó ekki óvenjuhá, eða 2,5 metrar með flötu/lítt hallandi þaki sem felur að skilmálum deiliskipulagsins en þar er byggingarreitur B skilgreindur sem 2,7 metra hár hjá þakbrún en 3,7 við mæni.





Bílskúrin er skráður bæði í deiliskipulagi sem núverandi bygging og hluti byggingamagns á lóð og eins er hann skráður í fasteignaskrá. Með deiliskipulagsbreytingum, sem samþykktar voru 10. nóvember 2005 voru staðfestar heimildir fyrir bílskúr á lóð nr. 11 við Ásveg og því ekkert til fyrirstöðu að fella niður kvöð um niðurrif á bílskúr.

Svæði 11

Núverandi ástand:						Deiliskipulagstillaga:					
	Stærð lóðar	Heildarstærð húsa á lóð	Fjöldi íbúða	Blasastæði á lóð	Nýtingar-hlutfelli	Stærð lóðar	Heildarstærð húsa á lóð eftir stæðkun hámark	Blasastæði á lóð - min	Nýtingar-hlutfell - hámark	Athugasemdir	
Ásvegur	11	512,6 m ²	195,4 m ²	1	1	0,38	512,6 m ²	256,3 m ²	2	0,50	

Niðurstaða:

- Jákvætt er tekið í að fella niður kvöð um niðurrif.
- Fyrirsprjanda er bent á að senda inn umsókn til skipulagsfulltrúa, og óska eftir niðurfellingu á kvöð.

f.h skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, sérfræðingur